




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

DIMITRI ÞÓR SIBELIUS

28. NÓVEMBER
2019



Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Áætluð tímalengd:

Sinfónía: 12'

Konsert: 25'

Lemminkäinen-svíta: 45'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Aðalstyrktaraðili

GAMMA



Reykjavíkurborg

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

DMITRI ÞÓR OG SIBELIUS

**Sinfóníuhljómsveit
Íslands**

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Dmitri Þór Ashkenazy
einleikari

EFNISSKRÁ

Joseph Bologne
Sinfónía í D-dúr, op. 11 nr. 1 (1779)
Allegro
Andante
Presto

Jean Françaix
Klarínettkonsert (1967–68)
Allegro
Scherzando
Andantino
Allegro

Hlé

Jean Sibelius
Lemminkäinen-svíta (1893–95)
Lemminkäinen og stúlkurnar á eyjunni
Lemminkäinen í Tuonela
Svanurinn frá Tuonela
Lemminkäinen heldur heimleiðis

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



EVA OLLIKAINEN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Eva Ollikainen hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim fyrir innblásna hljómveitarstjórn. Hún hóf píanónám þriggja ára og þótti efnilegur píanisti, en þegar komið var í Sibeliusar-akademíuna í Helsinki skipti hún um fag og lærði hljómveitarstjórn hjá Jorma Panula og Leif Segerstam. Hún hrepti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómveitarstjóra árið 2003 og var um skeið aðstoðarstjórnandi hjá Kurt Masur og Christoph von Dohnányi. Hún sótti einnig tíma í hljómveitarstjórn hjá Bernard Haitink og Herbert Blomstedt við Tanglewood Music Center í Massachusetts.

Ollikainen hefur meðal annars stjórnað Útvarphljóm-sveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Stokkhólmi og Turku, Tapiola-sinfóníettunni og Sinfóníu-hljómveitunum í Helsingborg, Lahti og Þrándheimi. Þá hefur hún stjórnað Sinfóníuhljómveitinni í Vínarborg og Þýsku sinfóníuhljómveitinni í Berlín. Fyrir skömmu stjórnaði hún í fyrsta sinn Fílharmóníusveitinni í Helsinki, í Níundu sinfóníu Beethovens, og nýrri uppfærslu af *Turandot* eftir Puccini í Dönsku þjóðaróperunni. Þá stjórnaði hún fyrr á þessu ári Beethoven-hring með Jönköping Sinfonietta og ballettunum *Hnotubrjótnum* og *Svanavatninu* við Semperoper í Dresden.

Ollikainen kom fyrst til Íslands haustið 2005 og stjórnaði framhaldsskólatónleikum Sinfóníuhljómveitarinnar með nær engum fyrirvara. Hún stýrði hljómveitinni þrisvar sinnum á áskriftartónleikum á árunum 2007–10, meðal annars í sinfóníu nr. 4 eftir Brahms og *Dafnis og Klói* eftir Ravel, en stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar 2019. Í júní á þessu ári var tilkynnt að hún tæki við stöðu aðalhljómveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómveitar Íslands í september 2020.



DMITRI ÞÓR ASHKENAZY

EINLEIKARI

Dmitri Þór Ashkenazy fæddist í New York árið 1969, sonur Þórunnar Jóhannsdóttur og Vladimirs Ashkenazy. Hann ólst upp á Íslandi til níu ára aldurs og hóf píanónám sex ára. Þegar hann var 10 ára skipti hann yfir á klarínnett og lauk prófi frá Tónlistarháskólanum í Luzern árið 1993.

Dimitri hefur komið fram á tónleikum um allan heim, meðal annars í Hollywood Bowl í Los Angeles, Óperuhúsinu í Sídney, Royal Festival Hall í Lundúnum, Salle Pleyel í París og á Salzburgerhátiðinni. Meðal hljómsveita sem hann hefur leikið einleik með má nefna Konunglegu Fílharmóníusveitina í Lundúnum, Fílharmóníusveitina í Japan og Þýsku sínfóníu-hljómsveitina í Berlín. Hann kom í fyrsta sinn fram á Proms, tónleikahátíð Breska útvarpsins, í september 2014 og lék þar klarínnettconsert eftir Peter Maxwell Davies með Skosku kammersveitinni. Hann hefur einnig hljóðritað fjölda geisla-diska, meðal annars með konserti Françaix sem hann leikur í kvöld, auk þess að halda meistaranámskeið í Evrópu og Japan, Ástralíu og Bandaríkjunum.

Dimitri Þór leikur nú í fyrsta sinn með Sínfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg, en hann kom tvisvar fram sem einleikari með sveitinni í Háskólabíói, lék klarínnettconsert Coplands árið 1998 og tvíconsert eftir Franz Krommer með Einari Jóhannessyni árið 2005.



JOSEPH BOLOGNE

SINFÓNÍA Í D-DÚR

Joseph Bologne, Chevalier de Saint-Georges (1745–1799) átti einhverja ævintýralegustu ævi sem sögur fara af í klassískri tónlist. Hann var fæddur á eyjunni Guadeloupe í Karíbahafi, sem þá var frönsk nýlenda, sonur auðugs landeiganda og konu sem var þræll eiginkonu hans. Faðirinn gekkst við Joseph og sendi hann sjö ára gamlan til Frakklands í skóla. Þar hlaut hann fyrirtaks menntun og varð með tíð og tíma vinsælt tónskáld og hljómveitarstjóri, stýrði meðal annars einni af helstu hljóm sveitum Parísarborgar á þeirri tíð, *Concert des Amateurs*. Í dag er hans minnst sem fyrsta klassíska tónskáldsins af afrískum uppruna. Honum var líka fleira til lista lagt; hann var afburða skylmingakappi og var um skeið í lífvarðasveit konungs, þar sem hann hlaut riddaranafnbótina Chevalier.

Sem manni af afrískum uppruna voru Bologne ýmsar leiðir lokaðar; hann gat ekki erfitt tign föður síns, ekki kvænst aðalskonu, og þótt hann nyti virðingar sem tónlistarmaður þótti ekki hæfa að hann sæti í valdastöðum. Árið 1776 kom raunar til greina að Bologne yrði næsti stjórnandi Parísaróperunnar, en þrjár af leiðandi söngkonum óperuhússins skrifuðu bænarskjal til drottningar, Marie Antoinette, þar sem þær kváðust af samviskuástæðum ekki geta tekið við fyrirætlum frá „múlatta“ – og þótt drottningin hefði mætur á Bologne var annar ráðinn í starfið. Í kjölfarið hætti drottningin að mestu að sækja óperuna en kaus fremur smærri tónleika í Versalahöll, þar sem Bologne var tíður gestur eftir sem áður. Hann lék gjarnan fiðluröddina í sönötum sínum en hennar hátign lék með á píanó.

Franska byltingin gaf fyrirheit um jafnan rétt allra þegna þjóðfélagsins og Bologne tók virkan þátt í henni. Árið 1794 varð hann ofursti riddaraliðs sem aðeins var skipað svörtum mönnum og leiddi sveit sína til frækinna sigrar. Hann gegndi líka herþjónustu á Haiti um skeið, en þegar hann sneri aftur til Parísar var hann hnepptur í fangelsi fyrir upplognar sakir og mátti dúsa þar í tæpt ár. Hann lést skömmu eftir að hann fékk frelsi á ný, aðeins 53 ára gamall.

Bologne samdi fjölda strengjakvartetta, tvær sinfóníur, sex gamanóperur, þrjár fiðlusónötur og fjórtán fiðlukonserta, svo aðeins fát eitt sé talið. Sinfónían sem hljómar í kvöld er ein af tveimur slíkum ópus 11, og var upphaflega forleikur að óperunni *L'Amant anonyme* eða Nafnlausí elskhuginn. Hún er í þremur þáttum eins og tíðkaðist um þetta leyti; hinn fyrsti er hraður, sá næsti hægur og ljóðrænn, en lokakaflinn spriklandi fjörugur.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem verk eftir Joseph Bologne er flutt á Íslandi.



JEAN FRANÇAIX

KLARÍNETTKONSERT

Franska tónskáldinu Jean Françaix (1912–1997) var tónlistin í blóð borin. Móðir hans var söngkennari og faðir hans veitti forstöðu tónlistarháskóla í Le Mans. Françaix lærði tónlist bæði í Le Mans og París, og fyrsta útgefna verk hans náði athygli hins fræga tónlistarkennara Nadiu Boulanger, sem hvatti hann áfram í listinni. Françaix sneiddi hjá modernisma 20. aldar en samdi tónlist sem er létt og áheyrileg. Sjálfur kvaddst hann líta á sig sem arftaka Josephs Haydns í tónlistinni enda einkennist tónlist beggja oft af mikilli kímniágu – sem seint verður sagt að hafi almennt verið leiðarljós í tónsmíðum 20. aldar. Tónlist sem veitti hreina ánægju var takmark Françaix í listinni, en fyrir það hlaut hann oft skammir gagnrýnenda sem aðhylltust aðrar stefnur. Hann var afkastamikill og samdi yfir 200 verk, oftast í smáum formum, en einnig nokkra konserta sem eru þau verk hans sem oftast hljóma í flutningi símfóníuhljómsveita.

Françaix samdi konsert sinn fyrir franska klarínattleikarann Jacques Lancelot, sem frumflutti verkið sumarið 1968. Lancelot var afburða góður einleikari og Françaix sá svo sannarlega til þess að hann fengi nóg að iðja í verkinu. Átta árum eftir að verkið hljómaði í fyrsta sinn skrifaði Jack Brymer í bók um klarínnettutónlist að þessi konsert væri „verk fyrir framtíðina, hugsanlega, þegar hljóðfærið hefur þróast áfram eða sjálf mannhöndin hefur breytt um lögun.“

Verkið er í fjórum þáttum og er fyrsti kaflinn jafnframt sá lengsti, líflegt Allegro í sönötuformi. Annar þáttur er scherzó, en því næst kemur hægur kafli, stef með þremur tilbrigðum. Hraðasti þáttur verksins er sá síðasti, fjörugt rondó. Sjálfur sagði Françaix um verk sitt: „Konsertinn er skemmtilegur áheyrnar, eða það vona ég að minnsta kosti. Hann er eins konar flugsýning fyrir eyrun, með bakfallslykkjum, vængsveiflum og dýfum sem eru fremur ógnvekjandi fyrir einleikarann, sem þarf að hafa sterkan maga og eiga nokkur þúsund flugtíma að baki.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Símfóníuhljómsveit Íslands hefur nokkrum sinnum áður leikið verk eftir Jean Françaix en þetta er í fyrsta sinn sem klarínnettconsert hans hljómar á Íslandi. Áður hefur Sí flutt Concertino fyrir píanó og hljómsveit (árið 1963), Fantasiu fyrir selló (árið 1964), Flautukonsert (ásamt Manuelu Wiesler 1979 og 1981), L'Horloge de Flore fyrir óbó og hljómsveit (árið 1982) og Konsert fyrir fjóra tréblásara (árið 1985).



JEAN SIBELIUS

LEMMINKÄINEN-SVÍTA

Jean Sibelius (1865–1957) sótti margsinnis innblástur í finnska kvæðabálkinn *Kalevala*, enda hreifst hann af kvæðunum allt frá því á unglingsaldri. Raunar var hrifning hans slík að árið 1891, þegar hann var í þann mund að feta sín fyrstu skref sem tónskáld, ferðaðist hann til Porvoo til þess eins að hlýða á Larin Paraske, aldna kvæðakonu sem kunní ógrynni þjóðkvæða og þjóðlaga. Um sama leyti vann Sibelius að viðamikilli óratóríu úr *Kalevala*-efnivíðnum, *Kullervo*, sem var frumflutt við miklar vinsældir árið 1892. Næst hafði hann í huga að semja óperu út frá sögum *Kalevala*, en honum snerist hugur eftir heimsókn á Wagner-hátíðina í Bayreuth árið 1893. Nokkuð af þeirri tónlist sem hann hafði þegar fest á blað fann sér þó farveg í hljómsveitarverkinu sem hann samdi í staðinn: *Lemminkäinen-svítunni*.

Ein af hetjum *Kalevala*-bálksins er hinn ungi Lemminkäinen. Léttlyndur og andvaralaus lendir hann stöðugt í vandræðum en losnar úr þeim aftur vegna galdrakunnáttu sinnar og móður sinnar. Lemminkäinen-svítuna mynda fjögur tónaljód sem hvert segir sína sögu eða dregur upp mynd úr kvæðabálkinum. Að sumu leyti má líta á verkið sem sínfóníu í fjórum þáttum, en þó með þeim fyrirvara að þættina má einnig flytja staka. Sibelius dró fyrri tvo þættina til baka skömmu eftir frumflutninginn, sem fór fram í Helsinki árið 1896, og komu þeir ekki aftur fyrir almenningssjónir fyrir en verkið var gefið út á nótum tæpum 40 árum síðar.

Fyrsti þáttur verksins segir frá því þegar Lemminkäinen heldur út í eyju nokkra þar sem hann vekur aðdáun kvennaskara en neyðist til að flýja þegar menn þeirra gera aðsúg að honum. Í öðrum þætti er Lemminkäinen staddur á Tuonela, eyju hinna dauðu. Þar hyggst hann skjóta svaninn sem þar syndir, til þess að geta gert tilkall til dóttur Norðlandsins, en þá vill svo illa til að blindur kúasmali drepur sjálfan Lemminkäinen; um síðir birtist hin göldróttu móðir piltsins og blæs lífi í lík hans. Þriðji kaflinn, Svanurinn frá Tuonela, er án efa frægasti þáttur verksins, ekki síst fyrir dáfagurt englahornssóló. Hér lýsir Sibelius svaninum sem syndir kringum eyjuna Tuonela, sem er umkringt svörtu og straumþungu vatni. Í kraftmiklum fjórða þættinum segir frá því þegar Lemminkäinen ferðast heim að loknum ævintýrum sínum.

Í tónlistinni vísar hér margt veginn til sínfóníanna sjö sem Sibelius samdi síðar á ferlinum. Þetta lítríka verk markaði tíma-mót á ferli tónskáldsins og stendur sannarlega enn fyrir sínu.

Arni Heimir Ingólfsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fjórða sinn sem Lemminkäinen-svítan hljómar í heild á Íslandi. Áður stjórnaði Petri Sakari henni í Háskólabíói árin 1989 og 1996, og skömmu síðar hljóðritaði Sínfóníuhljómsveitin verkið undir hans stjórn fyrir Naxos-útgáfuna. Verkið hljómaði svo aftur árið 2013, bæði á tónleikum Sínfóníuhljómsveitarinnar í Eldborg og á listahátíðinni Nordic Cool í Kennedy Center í Washington D.C. undir stjórn Ilans Volkov. Að minnsta kosti tveir þættir hafa einnig verið fluttir stakir, Svanurinn frá Tuonela m.a. árið 1980 undir stjórn Páls P. Pálssonar, og fyrsti þátturinn árið 2006 undir stjórn Arvos Volmer.

ADVENTA OG NÝÁR MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEITINNI



FIM 05^{DES} 19:30

MEISTARAR BAROKKSINS


Rússneski hljómveitarstjórinn Maxim Emelyanychev hefur vakið mikla athygli undanfarin ár, ekki síst fyrir áhugaverða túlkun sína á tónlist barokksins. Hann lærði sitt fag í Moskvu hjá Íslandsvininum Gennadíj Rosdestvenskíj en er einnig afburða semballeikari og margverðlaunaður sem slíkur. Hann hefur um árabíl verið aðalstjórnandi ítalska barokkhópsins Il Pomo d'Oro, sem meðal annars hefur flutt barokkóperur í Versölum, Vínarborg og Lundúnum. Á efnisskránni eru perlur eftir meistarabarroktónlistar frá 17. og 18. öld; Jean-Baptiste Lully, Jean-Philippe Rameau, Georg Philipp Telemann og Johann Sebastian Bach.



LAV 14^{DES} SUN 15^{DES} 14:00 & 16:00

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Sannkölluð hátíðarstemning ríkir á Jólatónleikum Sinfóníu- hljómveitar Íslands þar sem gömul og ný jólatónlist verður flutt af hljómveitinni ásamt fjölda ungra listamanna. Tónleikarnir hafa notið verðskuldaðrar hylli og eru á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar. Á Jólatónleikum hljómveitarinnar í ár hljómar tónlist frá ýmsum löndum sem hefur verið ómissandi í jólahaldi í gegnum tíðina. Hljómveitarstjóri er Bjarni Frímann Bjarnason en kynnir á tónleikunum er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur, sem tendrar ljós í hverju hjarta. Þetta eru tónleikar sem ekkert jólabarn má láta fram hjá sér fara. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.



FIM 09^{JAN} 19:30 FOS 10^{JAN} 19:30

LAV 11^{JAN} 16:00 & 19:30

VÍNARTÓNLEIKAR 2020

Í upphafi nýs árs er tilvalið að skála í kampavíni og hlýða á glaðværa Vínartónlist í ætt við þá sem hljómar á árlegum tónleikum Vínarfílharmóníunnar á nýársdag. Vínartónleikar Sinfóníu- hljómveitar Íslands hafa notið mikilla vinsælda um árabíl. Þeir hefjast ávallt á forleik Johanns Strauss að *Leður- blökunni* og þeim lýkur á *Dónárvalsinum* fræga. Einsöngvarar á Vínartónleikunum eru Jóna G. Kolbrúnardóttir og Garðar Thor Cortes en Bjarni Frímann Bjarnason mundar tónsprotann.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

28. NÓVEMBER 2019

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laura Liu
Pascal La Rosa
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Justyna Bidler
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. FIÐLA

Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Hlín Erlendsdóttir
Roland Hartwell
Þórdís Stross
Kristín Björg Ragnarsdóttir

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Łucja Kocot

SELLÓ

Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir

BASSI

Xun Yang
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason

FLAUTA

Brit Halvorsen
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Jamal Boukhnouch

HARPA

Elisabet Waage

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Eggert Pálsson

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Hrafnhildur L. Steinarsdóttir *fjármálafulltrúi*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Júlía Aradóttir *fulltrúi*

ÁH

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

TÓNLIST LÍÐINNA ALDA

ÍSLENSK HANDRIT
1100–1800

Íslensk tónlist fyrr á öldum var blómleg og fjölbreytt. Á miðöldum voru jafnan til í landinu á annað þúsund handskrifaðar söngbækur sem notaðar voru við kirkjur og klaustur landsins. Með tilkomu nýs síðar, pappirs og safnaðarsöngs var fjöldi bóka ritaður þar sem safnað var saman lögum til að eiga og geyma eða syngja á heimilum. Þrátt fyrir að mikið af þessum handritaarfi hafi tapast er það sem þó hefur varðveist fjölbreytt og efnismikið. Handritin bera vitni um alþjóðlegt og þróttmikið tónlistarlíf. Hér er þeim lokið upp og við blasir nýr kafli í íslenskri menningarsögu.

HLJÓDRITANIR
Á EFNI UM BÓKINNI
ERU AÐGANGILEGAR
Á SPOTIFY
LETTANORÐ: TÓNLIST
LÍÐINNA ALDA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VÍNAR TÓNLEIKAR

9. - 11. JAN

Óperettutónlist og valsar eftir **Johann Strauss yngri, Franz Lehár, Pjotr Tsjajkovskij, Mélanie Bonis, Amy Beach** og fleiri.

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Jóna G. Kolbrúnardóttir
einsöngvari

Garðar Thor Cortes
einsöngvari

Í upphafi nýs árs er tilvalið að skála í kampavíni og hlýða á glaðværa Vínartónlist í ætt við þá sem hljómar á árlegum tónleikum Vínarfílharmóníunnar á nýársdag. Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa notið mikilla vinsælda um árabil.



TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS



@icelandsymphony / #sinfó

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA